



VERKFUNDARGERÐ

Verkheiti Lagning ljósleiðara í Borgarbyggð	Verkkaupi Borgarbyggð	Verknúmer		
Fundarefní Verkfundur	Fundarstaður Ráðhús	Nr. fundar #19		
Fundarboðari Guðmundur Danielsson	Fundarritari Guðmundur Danielsson	Fundardags. 30/07/2020	Fundartími 14:00	Dags. Fundarg. 30/07/2020
Fundarmenn		Fyrirtæki		
Eiríkur Ólafsson (EÓ)		Borgarbyggð		
Guðmundur Danielsson (GD)		Borgarbyggð		
Oddur Sigurðsson (OS)		Heflun ehf		
Skarphéðinn Hilbert Ingason (SI)		Heflun ehf		
Sævar Eiríksson (SE)		Borgarbyggð		
Sævar Geir Hallvarðsson (SGH)		SH-Leiðarinn ehf		
Fjarverandi	Fyrirtæki			
Sigurjón Hallvarðsson (SH)	SH-Leiðarinn ehf			
Ragnar Frank (RF)	Borgarbyggð			
Dreifing	Fyrirtæki			
Fundarmenn				
Dagskrá Fundar	Dagsetning næsta fundar	Tími næsta fundar		
Skv. fundarboði	19/08-2020	10:00		
Staða fundargerðar				
<input type="checkbox"/> Í vinnslu <input type="checkbox"/> Drög til yfirlestrar <input checked="" type="checkbox"/> Lokið				

Nr.	Dagskráriðir	Ábyrgð / lags.
1.	Undirritun verkfundargerðar undangengins verkfundar Undirritun fundargerðar síðasta fundar fór fram án athugasemda.	
2.	Útistandandi mál frá síðasta verkfundi Útistandandi mál afgreidd að öðru leiti en hvað merkistíkur varðar. GD gerði grein fyrir þeim samskiptum sem átt hafa sér stað við birgja og ástæður tafar á afhendingu. SI tók fram að töf á framleiðslu/afhendingu á merkihælum tefðu framgang verksins og þýddi kostnaðarauka fyrir verktaða þar sem fara þyfti sér ferð til þess að merkja upp lagnaleiðina.	
3.	Framgangur við þá áfanga sem unnið er við Búið er að skila áfanga 8 til yfirferðar að öðru leiti en því sem snýr að skilum á GPS gögnum sem skilað verður eftir helgina að sögn SI. Plæging er komin að Kistufelli í áfanga 7, blástur á strengjum er ekki hafinn.	
4.	Næstu skref og áfangar Áframhaldandi vinna við áfanga 7. Hugmynd um að taka áfanga 6 næst með tilliti til landfræðilegrar legu, þarf að skoða með tilliti til aðstæðna.	
5.	Önnur mál er varða efni fundarins	
6.	Óskir um hnit frá SI. Þann 23. júlí barst erindi frá SI svohljóðandi: „Vegna ónákvæmni í framsetningu gagna og sí endurtekenna vandræða með lagnaleið fer ég fram á að fá send hnit með fyrirhugaðri lagnaleið hið fyrsta. Í kafla 1.5.3 í verklýsingu kemur fram í hvaða formi hnit skulu afhent“. GD spurði SI út í þessa ósk enda er	

SI

SGH

GJ



E-4 Ljósleiðari Borgarbyggðar

	<p>framsetning gagna í samræmi við ákvörðun sem tekin var á öðrum verkfundi verksins. Þau gögn sem verktaki hefur undir höndum eru hnittsett. Að sögn SI eru það ekki skortur á hnitum sem um ræðir, heldur að þær lagnaleiðir sem valdar hafa verið. Að hans mati eru þær ónákvæmar, ekki í samræmi við útboðsgögn, of oft komi lagnaleiðir landeigendum á óvart eða þeir óska eftir breytingum á þeim rétt áður en framkvæmdir hefjast. Þetta valdi því breyta þarf lagnaleiðum á sama tíma og verið er að vinna verkið. Eins sé það svo að gögn frá RARIK um staðsetningu þeirra lagna sé oftar en ekki hönnunargögn RARIK en ekki raungögn um legu rafstengja. Þar sem ljósleiðari eru hannaður í namunda við lagnir RARIK sé því í raun lítið að marka legu rafstengja. Það sama gildi um lagnir í eigu annarra. Staðsetning sé oft óljós og jafnvel óþekkt. Að sögn SI er það ekki í verkahring verktaka að hanna lagnaleiðir. Núverandi fyrirkomulag taki of mikinn tíma og kunni að valda kröfu verktaka á hendur verkkaupa vegna þess tíma sem fer í þetta vafstur. Að sögn SI fer mikill tími í það að vinna upp lagnaleiðir út frá þeim gögnum sem honum eru sent.</p> <p>GD benti á að í útboðsgögnum kæmi fram að lagnaleiðir, sem SI vísar til sem hluti af útboðsgögnum, séu áætlaðar leiðir. Þar komi jafnframt fram að verktaki skuli leggja samkvæmt útsettri leið og leiðarlýsingu. Þar komi einnig fram að á sumum stöðum þurfi að velja nákvæmari leiðir. Farið var yfir kafla 1.1.1 í verklýsingu útboðsgagna. Þar kemur m.a. fram, og athygli vakin á því sem snýr að lögnum í eigu einkaaðila og það kunni að taka tíma að leita upplýsinga um slíkar lagnir. Í kaflanum kemur einnig fram að fyrirhuguð lega ljósleiðararöra verði færð inn á kort áður en til framkvæmdar kemur. GD tiltók einnig að á upphafsfundi verksins hafi það komið fram að verkkaupi miðaði við það að 2-3 áfangar yrðu fullhannaðir og tilbúnir í hönnunarferli hverju sinni, það væri því mikill misskilningur verktaka ef sú lagnaleið sem sýnd er á vefsjá sveitarfélagsins sýni endanlegar lagnaleiðir. GD taldi eðlilegt að innihald og umfang þeirrar kröfu, sem SI nefnir að verktaki kunni að eiga á hendur verkkaupa vegna ofangreinds komi sem fyrst fram. GD tiltók einnig að lagnaleiðir hafi verið bornar undir eigendur jarðar, ábendingar þeirra teknar til greina og tillit tekið til þeirra óska. Það sé þó vel þekkt í verkefnum sem þessum að landeigendur komi með óskir um breytingar á lagnaleiðum hvort sem það er snemma eða seint í ferlinu. Mikilvægt sé því að finna aðferð sem tekur bæði tillit til þess sem SI nefnir, varðandi framgang jarðvinnu, en einnig annarra þátta svo sem óska hagsmunaaðila.</p> <p>Á fundinum var grein 4.3.5 í útboðsgögnum lesin yfir. Þar kemur m.a. eftifarandi fram: „Áður en vinna hefst við ákveðinn verkhluða, skal verktaki setja lagnastæðið út og í samvinnu við umsjónarmann verkkaupa kynna sér rækilega hvaða lögnum má búast við á leiðinni.....svo að unnt sé að varast þær“ . GD spurði hvort að „verkhluð“ skv. Þessu gæti miðast við áfangaskiptinu verksins, þannig að búið væri að setja út með stikum eða hælum fyrirhugaða lagnaleið áður en vinna við tiltekinn varkfanga hefst. SI taldi það of umfangsmikið að setja allan áfangann út í einu. SI félst á það að hverju sinni væri búið að setja út sem nemur um áætluðri viku lagningu. Með þessu móti gefst hagsmunaaðilum kostur á því að bregðast við fyrirhugaðri lagnaleið án þess að hugsanlegar breytingar hafi áhrif á framgang jarðvinnunnar. GD og SI samþykktu þetta fyrirkomulag til reynslu og sem hugmynd að lausn á því sem rætt hefur verið um.</p> <p>7. SE þakkar starfsmönnum Leiðarans fyrir góðan frágang, vönduð vinnubrögð og kurteysa framkomu í garð eftirlitsaðila og íbúa. SE gerir athugasemd við samskipti við SI hjá Heflun vegna beiðna og ábendinga um frágang og vinnubrögð. Slíku hefur, að sögn SE verið mætt með skætingi og yfirlæti. Hvatti SE SI til þess að takा starfsmenn Leiðarans sér til fyrirmynðar hvað ofangreint varðar. SI baðst</p>
--	---




E-4 Ljósleiðari Borgarbyggðar

	afsökunar á framferði sínu. Umræða spannst um tiltekin atriði er snúa að frágangi og ólík sjónarmið voru rædd.
8.	SE spurðist fyrir um það hvort kannað hafi verið við yfirferð tilboða hvort að bjóðendur hafi áður unnið undir verkeftirliti og einnig hvort vafi léki á því hvert hlutverk eftirlitsmanns er. GD svaraði því til að hann vissi ekki til þess að þetta hafi verið kannað. Umræða spannst um hlutverk eftirlitsmanns og samskipti hans við starfsmenn verktaka. GD sagði það óumdeilt að í ágreiningsmálum milli eftirlitsmanns og verktaka hefði eftirlitsmaður úrskurðarvald. Einig sé eftirlitsmanni heimilt að hafa samskipti við starfsmenn verktaka sem vinna að verkinu. Um þetta er fjallað í kafla 6.4 í útboðsgögnum. OS hvaddi sér hljóðs og var sammala þessari nálgun. Þó bæri að nefna að ef ákvörðun eftirlitsmanns, sem ágreiningur er um, hefur í för með sér aukinn kostnað umfram það sem greinir til um í útboðsgögnum, kunni verktaki að eiga rétt á bótum vegna slíkra þátta.
9.	SGH spyr um afstöðu verkkaupa til þess að leggja lengri heimtaugar með 20mm röri í stað 14mm röri. Slíkt kunni að auðvelda blástur ljósleiðara. GD sagðist ekki gera athugasemdir við slíkt megi það auðvelda vinnu við verkið. Miðað verður við heimtaugar umfram 800-1000metra eftir aðstæðum og merkt inn á teikningar sem slíkar.
10.	SGH bar upp mál tengdu ODTR mælingum. Að hans mati, vitnaði til Péturs Hrafnssonar í Lýsir ehf, máli sínu til stuðnings, eru kröfur til ODTR mælingar allt of miklar í verkefinu með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar á kerfinu. Mjög mikill tími færí í að eltast við einstaka samsetningar á ljósleiðurum sem mældust rétt ofan við hámarksgildi skv. útboðsgögnum. GD er ósammála því að kröfur séu of miklar. Verið er að leggja ljósleiðarakerfi sem standast á ófyrirséða þörf næstu áratuga. Meginmarkmið með nákvæmum ODTR mælingum væru þó einkum tvö. 1. Að verktaki geti sýnt fram á, gagnvart verkkaupa, gæði sinnar eigin vinnu. 2. Að sú vinnu sem farið hefur fram sé í samræmi við gæðakröfur verkkaupa. Sýni ODTR mælingar fram á þetta er markmiðunum náð. Það er ekki þar með sagt að frávik geti ekki átt sér stað. Séu þau frávik þess eðlis að þau hafi ekki áhrif á gæði kerfisins, eða einstaka þræði innan þess, er verktaka heimilt að gera grein fyrir þeim og óska eftir úrskurði um samþykkt slíkra frávika.
	Slí gerði grein fyrir efnisstöðu verksins. Útlit væri fyrir það að 20mm rör myndu klárast í lok næstu viku. GD gerir viðeigandi ráðstafanir og tók fram að 18km af rörum væru vætanleg í næstu viku.
11.	Fleira ekki rætt.



Samþykki verktaka



Samþykki verkkaupa

